

L Ö G

um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga
og stjórnvaldaerinda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „samningar við önnur ríki“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á eftir efnismálgrein 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal birta í C-deild Stjórnartíðinda efni samkvæmt 2. gr. hér að framan frá 1. janúar 1962.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 26. gr. komi: Saksóknari ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.